

Áveitan

7. tbl. 4. árgangur. Júlí 2010

Íþróttæfingar Vöku og Samhygðar -breyttur tími!

Frjálsíþróttæfingar hjá Vöku og Samhygð verða á breyttum tíma eða á fimmtudagskvöldum kl. 19 – 20 í Þjórsárveri, fyrir krakka 6 ára og eldri. Frá klukkan 20 – 21 verður svo fótboltaæfing fyrir 10 ára og eldri, umsjónarmaður æfinganna er Tómas Karl Guðsteinsson.

Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að senda netfangið sitt til þjálfara, þannig getur hann komið skilaboðum til þeirra, t.d. um mót og annað. (tomaskarl21@hotmail.com) Munið svo karlaboltann kl. 21 á fimmtudagskvöldum.

Frjálsíþróttæfingar Umf. Baldurs

Við minnum á frjálsíþróttæfingarnar í Einbúa. Æfingarnar eru á þriðjudagskvöldum í allt sumar, frá kl 20:30 – 22:00. Rúnar Hjálmarsson sér um þjálfunina eru allir krakkarnir saman á æfingum (5 ára og upp úr).

Það er gaman að fást við skemmtileg verkefni í góðum félagsskap á fallegum sumarkvöldum í Einbúa. Ýmis verkefni eru framundan í sumar, mót heima og heiman og svo má búast við að starfið verði kryddað með fleiri viðburðum.

Fótboltaæfingar Umf. Baldurs

Þá er einnig minnt á fótboltaæfingar á fimmtudagskvöldum klukkan 21:00 í Einbúa. Hvetjum við alla háa sem lága, konur sem karla eða bara alla sem langar að hreyfa sig, aðeins að mæta og nýta mörkin og svæðið sem við eigum. Verði lítil mæting áskilur Umf. Baldur sér þann rétt að aflýsa æfingunum.

Íþróttanefnd Umf. Baldurs



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Skrifað hefur verið undir ráðningarsamning við undirritaða um áframhald á starfi sveitarstjóra Flóahrepps.

Ég þakka margar hlýjar kveðjur í minn garð og það traust sem mér er sýnt með því að fá að halda áfram störfum mínum sem sveitarstjóri í þessu góða samfélagi.

Ég vonast eftir áframhaldandi góðu samstarfi við ykkur íbúana á næstu árum við uppbyggingu sveitarfélagsins. Það er margt framundan og ber þar hæst framkvæmdir við Flóaskóla og neysluvatnslögn fyrir kalt vatn í sveitarfélagið. Ennfremur dagleg störf og samskipti við íbúa og alla þá sem leita til skrifstofunnar um hin margvíslegustu mál.

Á döfinni er að lagfæra og uppfæra heimasíðu sveitarfélagsins sem vonandi verður fyrir vikið virkari og meira lifandi. Til hafa síðuna sem liflegasta er þó nauðsynlegt að fá fréttir frá félagasamtökum og íbúum um þá viðburði sem fyrir dyrum standa og fréttir af mannlífi. Þeim má koma á netfangið floahreppur@floahreppur.is eða til skrifstofu í síma 480-4370.

Einnig er alltaf gott að fá ábendingar um hvað ykkur finnst mega betur fara í sveitarfélaginu því alltaf má betur gera til að gott samfélag verði enn betra.

Með góðri sumarkveðju,
Margrét Sigurðardóttir

Opnunartími skrifstofu

Skrifstofa Flóahrepps er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00 – 16:00. Skiptiborð skrifstofu er opið alla virka daga frá kl. 9:00 – 13:00.

Nefndir og ráð

Nýkjörin sveitarstjórn hélt sinn fyrsta fund 14. júní s.l. Þar var meðal annars kosið í nefndir og ráð á vegum sveitarfélagsins ásamt því að kjósa oddvita og varaoddvita.

Kjör oddvita og varaoddvita.

Aðalsteinn Sveinsson var kjörinn oddviti og Árni Eiríksson varaoddviti. Oddviti og varaoddviti eru kosnir á hverju ári.

Í eftirfarandi nefndir var kosið til fjögurra ára:

Fræðslunefnd:

Í fræðslunefnd var Elín Höskuldsdóttir kjörin formaður. Aðrir fulltrúar eru Alma Anna Oddsdóttir, Steindór Guðmundsson, Stefanía Geirsdóttir og Halla Reynisdóttir

Skipulags- og byggingarnefnd uppsveita Árnessýslu og Flóa:

Fulltrúi Flóahrepps í skipulags- og byggingarnefnd er Aðalsteinn Sveinsson og Heimir Rafn Bjarkason til vara.

Félagsmálanefnd uppsveita Árnassýslu og Flóa:

Fulltrúi í félagsmálanefnd er Alma Anna Oddsdóttir og Karen Viðarsdóttir til vara.

Atvinnu- og umhverfisnefnd:

Samþykkt var að sameina atvinnu,- ferðamála og umhverfisnefnd í eina nefnd, Atvinnu- og umhverfisnefnd.

Með formennsku í nefndinni fer Heimir Rafn Bjarkason. Aðrir fulltrúar eru Bjarni Sigurðsson, Bjarni Einarsson, Margrét Ormsdóttir og Albert Sigurjónsson.

Kjör fulltrúa í atvinnu- og umhverfisnefnd er með fyrirvara um staðfestingu á breytingum samþykktu um stjórn og fundarsköp Flóahrepps sem bíða nú seinni umræðu.

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Fulltrúi Flóahrepps á landsþingi Sambands Íslenskra sveitarfélaga var kjörinn Aðalsteinn Sveinsson og til vara, Árni Eiríksson

Rekstrarnefnd félagsheimila Flóahrepps:

Í rekstrarnefnd félagsheimilanna voru Sigmar Örn Aðalsteinsson og Helgi Sigurðsson kjörnir fulltrúar sveitarfélagsins.

Afréttarmálafélag Flóa og Skeiða:

Í afréttarmálafélagið voru kjörnir Guðmundur Stefánsson, Stefán Geirsson, Reynir Þór Jónsson og Skeggi Gunnarsson

Héraðsnefnd Árnesinga:

Fulltrúi í Héraðsnefnd var kjörinn Aðalsteinn Sveinsson og til vara Árni Eiríksson

Almannavarnarnefnd Árnassýslu:

Fulltrúi í Almannavarnarnefnd var kjörinn sveitastjóri Flóahrepps og til vara Aðalsteinn Sveinsson

Fulltrúaráð Brunavarna Árnassýslu:

Í fulltrúaráð Brunavarna var Stefán Helgason kjörinn sem aðalmaður og Bjarni Einarsson til vara.

Skoðunarmenn:

Skoðunarmenn Flóahrepps voru kjörnir Bjarki Reynisson og Ólafur Þór Þórarinsson

Kjörstjórn

Kjörstjórn verður óbreytt frá fyrra kjörtímabili, Gísli Hauksson, Ingjaldur Ásmundsson og Ragna Larsen.

Í eftirfarandi nefndir var kosið til eins árs:

Aðalfundur á vegum samtaka sunnlenskra sveitarfélaga:

Aðalsteinn Sveinsson, Árni Eiríksson og Svanhvit Hermannsdóttir voru kjörnir fulltrúar á aðalfundi SASS, Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, Skólaskrifstofu Suðurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands:

Á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands var sveitarstjóri Flóahrepps kjörinn fulltrúi og Aðalsteinn Sveinsson til vara.

Skipulags- og byggingarnefndarfundir, félagsmálanefndarfundir

Fundir hjá skipulags- og byggingarnefnd og félagsmálanefnd verða næst haldnir í ágúst.

Gámasvæði

Minnt er á að allir gámar í Flóahreppi verða fjarlægðir 1. júlí n.k. þegar samvinna við Íslenska Gámafélagið um gámasvæði tekur gildi.

Gámasvæði fyrir Flóahrepp verður framvegis á fyrriverandi gámasvæði Árborgar í Hrísmýri á Selfossi. Opnunartími verður rúmur, frá kl. 13:00 – 18:00 alla virka daga og frá kl. 13:00 – 16:00 laugardaga og sunnudaga.

Kynningarbæklingur hefur verið sendur til allra íbúa þar sem fyrirkomulagið er betur kynnt. Bæklingurinn er einnig til á skrifstofunni.

Framkvæmdir við Flóaskóla

Framkvæmdum við Flóaskóla miðar vel og staðan í dag er þannig að málarar eru búnir að sparsla veggj á efri hæð hússins og byrjaðir að mála þá.

Rafvirkjar og pípulagningamenn eru á áætlun og hafa lokið lagnavinnu. Þeir bíða nú þess að málningarvinnu ljúki til að klára sínar framkvæmdir.

Allir gifsveggir eru komnir upp nema veggur á milli tónlistarstofu og anddyris sem verið er að reisa þessa dagana.

Gólf verða tilbúin til flotunar fljótlega.

Hætt er við að raki í gólfum verði of mikill til að unnt sé að leggja gólfdukin fyrir skólabyrjun og reiknað er með bráðabirgðagólfefni fram eftir hausti eða þar til gólf verða nægilega þurr.

Tafir urðu á afhendingu utanhússklæðningar og því þarf sennilega að reikna með að klæðningu hússins verði ekki að fullu lokið þegar skóli hefst.

Það mun þó skýrast betur á næstu dögum.

Vinnuskólinn

Starfsfólk vinnuskóla sveitarfélagsins hóf störf 7. júní s.l. undir stjórn Hauks

Gíslasonar og Birgittu Sigurðardóttur.

Unglingarnir verða í vinnu til 15. júlí n.k. eða í sex vikur alls. Þau vinna frá kl. 9:00 – 16:00 mánudaga til fimmtudags og hafa nú þegar áorkað heilmiklu, m.a. snyrtingu á umhverfi félagsheimila og skóla, tilflutningi á munum í gamla skólanum á milli hæða en sá hluti skólans verður nýttur sem aðstaða fyrir kennara.

Krakkarnir eru vinnusöm og dugleg og fá góð meðmæli hjá flokkstjórum sínum.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Sumarferð félagsins verður farin fimmtudaginn 22. júlí n.k. Lagt verður af stað í hópferðabil frá Þjórsárveri kl. 11 f.h. Að þessu sinni ætlum við að skoða Hveragerði og nágrenni. Að venju mun skemmtanasjóður kvenfélagsins taka þátt í kostnaði.

Pantanir berist í síðasta lagi sunnudaginn 18. júlí til þessara kvenna:

Eydís s. 486-3324

Sigrún s. 659-8942

Þorbjörg s. 866-1819

Frá Umf. Samhygð

Timburhólagrill

Föstudaginn 9. júlí heldur Umf. Samhygð á að halda sitt árlega grill í Timburhólum. Heitt verður í kolunum um kl. 20 og mun glóðin lifa fram eftir kvöldi. Sveitungar, vinir og velunnarar eru velkomnir í Timburhóla til að eiga notalega kvöldstund saman nú sem endranær.

Millifélagamót

Samhygðar- og Vökumót verður haldið í umsjá Umf. Samhygðar laugardaginn 21. ágúst. Flóamótið verður haldið laugardaginn 28. ágúst í umsjá Umf. Samhygðar. Bæði mótin verða nánar auglýst í næstu Áveitu en takið þessa daga frá í tíma.

17. júní

Hátíðarhöld á Þjóðhátíðardaginn við Félagslund fóru vel fram. Pylsur voru grillaðar, keppt í íþróttum, farið í leiki og drukkið kaffi.

Úrslit úr íþróttamótinu urðu eftirfarandi.

Stúlkur 14 ára og yngri.

Nafn	ár	60 m	Árangur	
			Langstökk	400 m
Hildur Björk Búadóttir	'04	14,4 sek		
Melkorka Álfðís Hjartard.	'06	25,2 -	1,00 m	
Sigrún Stefánsdóttir	'02	12,8 -	2,10 -	2:10,9 min
Sóley María Sigurðardóttir	'02	14,1 -	1,98 -	
Telma Sif Búadóttir	'00	11,5 -	2,73 -	1:55,9 -

Strákar 14 ára og yngri

Arnar Daði Þórisson	'07	24,0 sek	1,00 m	
Fróði Kristinsson	'05	16,9 -	1,45 -	2:54,2 min
Geir Logi Þórisson	'05	17,7 -	1,62 -	3:42,4 -
Guðjón Örn Arnarsson	'01	11,8 -	2,37 -	2:22,8 -
Jón Gunnþór Þorsteinsson	'98	11,4 -	3,41 -	1:54,7 -
Kári Kristinsson	'01	13,7 -	2,21 -	

Jón Gunnþór Þorsteinsson hlaut 17. júní bikarinn fyrir árangur sinn í langstökki 3,41 sem gefur 690 stig.

Frá Flóaskóla

Nemendur og starfsfólk Flóaskóla eru nú í sumarfrí eftir gott og árangursríkt vetrarstarf. Sumarið verður m.a. notað til að undirbúa húsnæði skólans fyrir nýtt skólaár en með tilkomu nýju viðbyggingarinnar verða tilfæringar og breytingar í gamla skólanum sem ætlað er að bæta aðstöðuna.

Skólasetning verður fimmtudaginn 26. ágúst kl. 14:00 í Þjórsárveri og kennsla hefst daginn eftir, föstudaginn 27. ágúst. Á skólasetningu fá nemendur afhentar stundaskrár. Skólinn mun annast innkaup námsgagna eins og á sl. ári og senda foreldrum upplýsingar um námsgagnagjald í haust. Gengið hefur verið frá ráðningu í allar lausar kennslustöður nema í enskukennslu og verður auglýsing vegna enskukennslu birt aftur fljótlega.

Sigrún Árnadóttir, sem sinnt hefur hlutastarfi sem heimilisfræðikennari undanfarin ár, útskrifaðist úr kennaranámi sínu nú í vor. Sigrún náði þeim frábæra árangri að útskrifast með hæstu einkunn allra kennaranema frá Háskólanum á Akureyri. Við óskum Sigrúnu til hamingju með árangurinn og erum mjög ánægð með að hún komi til starfa hjá okkur í haust í fullu starfi.

Flóaskóli ítrekar auglýsingu í júní útgáfu Áveitunnar þar sem óskað var eftir samstarfsaðilum vegna kennslu valgreina í 9. bekk næsta vetur. Óskað er eftir aðilum sem hafa sérþekkingu á hestamennsku/hrossarækt og málsmíði/vélsmiði/bifvélavirkjun og hafa aðstöðu til að taka til sín litla nemendahópa í verklega kennslu. Ofangreindar námsgreinar er ekki hægt að kenna í skólanum nema að mjög takmörkuðu leyti og því mikilvægt fyrir okkur að ná tengslum við fagaðila sem eru tilbúnir í samstarf. Við viljum leggja okkur fram um að koma til móts við áhugasvið nemenda og bindum miklar vonir við að fá viðbrögð frá hugsanlegum samstarfsaðilum úr samfélaginu. Allir þeir sem áhuga hafa eða getið gefið okkur gagnlegar hugmyndir eru beðnir um að hafa

Ég óska þess að lesendur Áveitunnar eigi gott sumar og hvet nemendur Flóaskóla og foreldra þeirra til að muna eftir sumarlestrinum ☺.

Bestu kveðjur, Kristín Sigurðardóttir skólastjóri.
kristin@floahreppur.is, gsm 663-5720.

Krakkaborgarfréttir

Kæru sveitungar,

Þann 3. - 7. maí lögðum við fyrir foreldra leikskólabarna Krakkaborgar könnun á viðhorfi þeirra til leikskólans. Niðurstöðurnar eru sérlega hvetjandi og sýna okkur það með skýrum hætti að við erum á réttri leið í skólastarfinu. Foreldrar virðast almennt ánægðir með skólann og ánægjulegt að sjá að allir eru mjög sammála eða frekar sammála því að það sé tekið vel á móti barninu þeirra í leikskólanum og að þeim líði vel í útiverunni. 97% aðspurðra töldu börnin sín vera ánægð í leikskólanum en 3% svörðu því til að þau vissu það ekki. Það sem helst virðist vera ábótavant snýr að skólahúsnæði en tekið skal fram að 68% svarenda voru mjög sammála eða frekar sammála því að skólahúsnæðið væri hentugt, 23% merktu við veit ekki og 9% frekar ósammála.

Auk svarmöguleikanna fimm sem merkt var við í könnuninni gafst foreldrum tækifæri til að skrifa sérstakar ábendingar og koma þannig á framfæri öðrum atriðum en þeim sem könnunin tók til. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra voru mjög jákvæðar og uppbyggilegar og sneru að því hversu ánægt fólk væri með starfsfólk Krakkaborgar, það jákvæða viðmót sem foreldrar upplifa í leikskólanum og hversu faglegt starf væri unnið í skólanum. Mikil ánægja ríkir meðal starfsfólks Krakkaborgar með niðurstöðu könnunarinnar því ekkert er eins ánægjulegt og að uppskera því sem til hefur verið sáð. Starfsfólk Krakkaborgar þakkar foreldrum Krakkaborgarbarna kærlega fyrir þátttökuna.

Margt hefur skemmtilegt hefur drifið á daga okkar hér í leikskólanum í maí og júnimánuði. Miðvikudaginn 26. maí var haldin útskriftarveisla fyrir 4 nemendur Tígradeildar en þau höfðu þá einmitt lokið 12 vikna ART námskeiði í leikskólanum. Þetta er annar barnahópurinn sem útskrifast úr ART hérna hjá okkur í Krakkaborg og óskum við nemendum Krakkaborgar innilega til hamingju með áfangann. Sama dag var Vorhátíð Krakkaborgar haldin hátíðleg í félagsheimilinu Þingborg. Tígra- og Strumpadeild sýndu stutt atriði á sviðinu og einnig söng Regnbogakór Krakkaborgar nokkur lög. Sýning var á listaverkum barnanna og bauð foreldrafélag Krakkaborgar upp á léttar kaffiveitingar. Á vorhátíðinni var einnig útskrift elstu nemenda leikskólans en í ár útskrifuðust 7 nemendur úr Krakkaborg. Fengu þau viðurkenningaskjal og rós í gjöf frá leikskólanum.

Slökkviliðið kom í heimsókn til okkur í lok maí og vakti sú heimsókn mikla lukku. Þessi heimsókn er hluti af samstarfsverkefni Krakkaborgar og Brunavarna Árnessýslu.

Þann 2. júní fórum við í okkar árlegu vorferðalag og var ferðinni heitið í Kolsholt 1. Þar var margt að skoða, lékum okkur í skógarreitnum, fórum í hellaskoðun, rannsókuðum svakalegar kóngulær, fórum á hestbak og margt fleira. Við þökkum heimilisfólkinu í Kolsholti 1 kærlega fyrir góðar móttökur.

Mánudaginn 7. júní var haldinn dóta/hjóladaður í leikskólanum. Þá máttu börnin koma með leikfang eða hjól með sér að heiman í leikskólann. Þennan dag var mikið stuð í leikskólinn og var sérstaklega gaman að fylgjast með hvað þau voru dugleg að skiptast á leikföngum.

Krakkaborg og gafst gestum og gangandi kostur á að kíkja í heimsókn til okkar og skoða leikskólann. Af því tilefni kveiktum við bál í eldstæðinu okkar, vorum með andlitsmálningu og listastöð á útsvæðinu okkar.

Við minnum á að leikskólinn Krakkaborg er lokaður vegna sumarleyfa frá 1. júlí og opnar aftur þriðjudaginn 10. ágúst.

Með sumarkveðjur og von um að þið hafið það sem allra best.

Karen Viðarsdóttir leikskólastjóri

Minningarorð um Eirík K. Eiríksson

25. mars 1926-12. júní 2010

Eiríkur K. Eiríksson, eða Eiríkur á Gafli eins og hann er alltaf kallaður hér í sveit, var einstakur félagi í Ungmennafélaginu Vöku. Hann gekk ungur í félagið og tók virkan þátt í störfum þess alla sína tíð, var meðal annars formaður árin 1956-1957 og aftur 1962-1963.

Eiríkur var einn af hvatamönnum þess að ráðist yrði í byggingu félagsheimilis í Villingaholtshreppi. Hann hafði einstakt lag á því að fá fólk til liðs við sig og innan skamms var draumurinn orðinn að veruleika. Hafist var handa við byggingu Félagsheimilisins Þjósárvers og vann Eiríkur þar mikið og óeigingjarnt starf við húsið, sem allt var byggt í sjálfboðavinnu. Við vígslu Þjósárvers árið 1959 tók hann við húsvörslu þess og má með sanni segja að engin lognmolla hafi ríkt í Þjósárveri á þeim fjölmörgu árum sem hann var þar í forsvari. Dansleikjahald var eitt af aðalsmerkjum Eiríks og voru böllin í Þjósárveri viðfræg. Fjölmargar landsþekktar hljómsveitir stigu þar á svið og fjöldi ballgesta var slíkur að oft komust færri að en vildu. Þar svifu ungir piltar og meyjar um gólfíð og Eiríkur oftast en ekki fremstur í flokki. Á þessum samkomum rakaði Eiríkur fé inn í rekstur hússins og sá undraverði árangur náðist að húsið var borgað upp á fáum árum svo ungmennafélagið og aðrir eigendur þess voru skuldlausir.

Þegar Eiríkur lét af störfum sem húsvörður hætti hann alls ekki að hafa áhuga á málefnum Þjósárvers og ungmennafélagsins. Hann kom oft á aðalfundi hjá félaginu, tók alltaf til máls og lagði til ýmsar góðar hugmyndir fyrir ungmennafélagið. Eiríkur átti hugmyndina að því að félagið stæði fyrir skötuveislu í Þjósárveri á Þorláksmessu. Nú hefur skötuveislan í Þjósárveri verið árlegur viðburður í yfir 15 ár og er ein af bestu og fjölsóttustu samkomum sveitarinnar ár hvert.

Eiríkur var dyggur lesandi Fréttabréfs Velvakanda í Villingaholtshreppi og síðar Áveitunnar í Flóahreppi, þegar hún tók við. Hann var upphafsmaður að því að sveitungar skifuðu pistla í blaðið og skorðu svo á næsta pistlahöfund. Hefur þessi síður haldist í fjölda ára og gætt fréttabréfin

lífi. Eiríkur sendi einnig gjarnan sjálfur inn efni í blöðin, oft gamlar frásagnir sem gáfu góða mynd af lífi þess tíma sem hann var barn og unglingur. Hafa margir notið þess að lesa góða grein frá Eiríki.

Eiríkur var um langt árabíl fastamaður á spilakvöldum Ungmennafélaganna Vöku og Samhygðar enda hafði hann gaman af spilamennsku og stóð jafnan með efstu mönnum í lok kvölds. Mörg ungmenni hér í sveit muna eftir því að hafa lent á borði með Eiríki í félagsvist en þá var eins gott að fylgjast vel með og vera ekki of lengi að hugsa. Eiríkur vildi að spilamennskan gengi hratt og vel fyrir sig.

Stjórnarfolk í Ungmennafélaginu Vöku þakkar Eiríki af alhug hversu ungur í anda hann var og áhugasamur um málefni félagsins alla tíð.

Blessuð sé minning Eiríks á Gafli.

Stjórn Umf. Vöku

Frá Umf. Vöku:

Ungmennafélagið ætlar að standa fyrir gönguferð þann 17. júlí næstkomandi. Gönguferðin er ætluð fyrir 14 ára og eldri og stefnt er á að ganga úr Þórsmörk og að eldstöðvunum við Fimmvörðuháls. Lagt verður af stað árla morguns og komið heim um kvöldið. Nánari ferðatilhögun verður send í dreifibréfi um sveitina þegar nær dregur.

Bíðið spennt.....

Skemmtinefnd Umf. Vöku

17. júní mót Umf. Vöku úrslit

60m hlaup stráka

1. Ægir Atlason	'98	9,5 sek
2. Þorgils Kári Sigurðarson	'98	9,9 sek
3. Ýmir Atlason	'00	10,1 sek
4. Dagur Fannar Einarsson	'02	11,1 sek
5. Unnsteinn Reynisson	'03	12,1 sek
6. Sæþór Atlason	'04	12,9 sek
7. Heinz Jóhann Brynjólfsson	'04	14,3 sek
8. Sigurjón Reynisson	'05	14,9 sek
9. Daði Kolviður Einarsson	'05	16,4 sek
10. Hjalti Geir Jónsson	'06	28,1 sek

Gestir

Axel Pálsson	'01	11,2 sek
Jóhann Guðmundsson	'01	11,5 sek

60m hlaup stelpna

1. Guðrún Inga Helgadóttir	'97	9,6 sek
2. Marta Brynjólfsdóttir	'03	12,4 sek
3. Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	13,1 sek
4. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	'04	14,1 sek
5. Aldís Tanja Söndrudóttir	'05	15,4 sek
6. Soffía Náttól Andradóttir	'06	19,1 sek
7. Ólöf Vala Heimisdóttir	'06	22,8 sek
8. Laufey Árnadóttir	'06	24,6 sek
9. Eyrún Sif Elíasdóttir	'07	27,1 sek

Gestir

Dagbjört H. Ívarsdóttir	'96	10,2 sek
Arna Védís Bjarnadóttir	'00	11,5 sek
Íris Pálsdóttir	'04	14,2 sek

Langstökk stráka

1. Ægir Atlason	'98	4,03m
2. Þorgils Kári Sigurðarson	'98	3,60m
3. Ýmir Atlason	'00	3,49m
4. Dagur Fannar Einarsson	'02	2,66m
5. Unnsteinn Reynisson	'03	2,63m
6. Sæþór Atlason	'04	2,52m
7. Heinz Jóhann Brynjólfsson	'04	1,85m
8. Sigurjón Reynisson	'05	1,67m
9. Daði Kolviður Einarsson	'05	1,29m

Gestir

Jóhann Guðmundsson	'01	2,60m
Axel Pálsson	'01	2,56m

Langstökk stelpna

1. Guðrún Inga Helgadóttir	'97	4,06m
2. Marta Brynjólfsdóttir	'03	2,15m
3. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	'04	2,11m
4. Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	2,10m
5. Aldís Tanja Söndrudóttir	'05	1,35m
6. Soffía Náttól Andradóttir	'06	1,17m
7. Laufey Árnadóttir	'06	0,77m
8. Ólöf Vala Heimisdóttir	'06	0,71m

Gestir

Dagbjört H. Ívarsdóttir	'96	3,63m
Íris Pálsdóttir	'04	1,71m

Kúluvarp stráka

1. Ægir Atlason	'98	8,17m
2. Þorgils Kári Sigurðarson	'98	7,54m
3. Pétur Þór Brynjólfsson	'02	4,96m
4. Sæþór Atlason	'04	3,39m
5. Unnsteinn Reynisson	'03	2,64m
6. Sigurjón Reynisson	'05	2,10m

Gestir

Jóhann Guðmundsson	'01	4,85m
Axel Pálsson	'01	4,09m

Kúluvarp stelpna

Guðrún Inga Helgadóttir	'97	9,11m
Freyja Kristín Guðjónsdóttir	'04	2,53m
Marta Brynjólfsdóttir	'03	2,39m
Aldís Tanja Söndrudóttir	'05	1,58m
Laufey Árnadóttir	'06	1,09m

Gestir

Dagbjört Henný Ívarsdóttir	'96	7,42m
Sandra Dís Heimisdóttir	'04	1,30m

400m hlaup stráka

1. Þorgils Kári Sigurðarson	'98	1:24,5 mín
2. Ægir Atlason	'98	1:32,5 mín
3. Ýmir Atlason	'00	1:34,7 mín
4. Dagur Fannar Einarsson	'02	1:37,7 mín
5. Sæþór Atlason	'04	1:56,5 mín
6. Unnsteinn Reynisson	'03	2:13,0 mín
7. Sigurjón Reynisson	'05	2:38,0 mín
8. Daði Kolviður Einarsson	'05	2:53,0 mín

Gestir

Axel Pálsson	'01	1:47,8 mín
Jóhann Guðmundsson	'01	2:10,0 mín

400m hlaup stelpna

1. Guðrún Inga Helgadóttir	'97	1:35,2 mín
2. Marta Brynjólfsdóttir	'03	2:13,8 mín
3. Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	2:30,0 mín
4. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	'04	2:34,9 mín

Gestir

Dagbjört H. Ívarsdóttir	'96	1:37,0 mín
Arna Védís Bjarnadóttir	'00	1:48,9 mín
Íris Pálsdóttir	'04	2:23,5 mín

Stigakeppni:

Strákar	Stig	Stelpur	Stig
1. Ægir Atlason	15	1. Guðrún Inga Helgadóttir	16
2. Þorgils Kári Sigurðsson	13	2. Marta Brynjólfstóttir	11
3. Ýmir Atlason	6	3. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	7
4. Dagur Fannar Einarsson	3	4. Kolbrún Katla Jónsdóttir	5
5. Pétur Þór Brynjólfsson	2	5. Aldís Tanja Söndrudóttir	1
6. Sæþór Atlason	1		

A.T.H.

Umf. Vaka er komin með Facebook síðu! Endilega leitið hana uppi og fáið nýjustu fréttir beint í æð.

Gönguskór til sölu

Svartir Merrel kvengönguskór úr Intersport til sölu. Skórnir eru nr. 40 og eru sáralítið notaðir, en fást á 50% afslætti. Tilvaldir í útlilegurnar og gönguferðirnar í sumar. Upplýsingar hjá Fanneyju, sími 486-3345.

Tamningar

Tek að mér hesta í tamningu og þjálfun, er staðsettur í Kolsholti 2. Er menntaður hestafræðingur og leiðbeinandi, diplóma í tamningum, þjálfari og reiðkennari frá Háskólanum á Hólum. Tek líka að mér járnningar. Allar nánari upplýsingar í síma 6977324 eða á grima87(at)hotmail.com

Helgi Þór Guðjónsson

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Kæru kvenfélagskonur, minnum á haustferðina!! Takið frá helgina 27-29 ágúst, gist verður á Hrolllaugstöðum í uppþúnum rúmum.

Skemmtinefndin

Pistillinn

Kúrekar í Flóanum

Það var að áliðnum slætti árið 1970 að fjórir Tungnamenn gerðust kúrekar að vestrænum hætti í orðsins fyllstu merkingu.

Dagurinn var tekinn snemma. Hestar voru drifnir upp á vörubílinn hans Björns í Úthlíð og þeim ekið niður í Flóa. Á þessum árum voru ekki hestakerrur á hverjum bæ eins og nú tíðkast. Hálf fannst mér þetta glæfralegur flutningur því skjólborðin voru ekki það há að hestarnir hefðu auðveldlega getað hoppað yfir með ófyrirséðum afleiðingum.

Ekið var niður Grímsnes, yfir Ölfusárbrú, gegnum Selfoss og niður Gaulverjabæjarveg. Þessi ferð fannst mér aldrei ætla að taka enda. Bæði voru vegirnir ekki góðir og einnig það að ég var alltaf að hugsa um hestana, að þeir yrðu nú leiðir á þessum ferðamáta sem þeir voru alls ekki vanir. Er komið var austur fyrir Selfoss sveigði Björn fimlega til hægri inn á Gaulverjabæjarveginn. Ekkert hik var á honum og virtist sem hér þekkti hann hverja þúfu ekkert síður en hraunhólana í Úthlíðarhrauni. Seinna hefur það skýrst fyrir mér að í Flóann hafði Björn oft komið og meira að segja sótt sér þangað kvonfang. Hér var allt mjög framandi fyrir mér.

Keyrt var framhá hverjum hólnum af öðrum og undantekningalaust stóð bær á hverjum þeirra. Endalaus fannst mér flatneskjan en útsýni mikið. Mjög traustvekjandi var þó að sjá Tungnafjöllin í fjarska og vart hef ég litið þau fegurri en einmitt frá þessu sjónarhorni.

Loksins nam bíllinn staðar við einn hólinn, lengst, lengst niður í Flóa. Var þetta þessi "svarti" Flói sem ég hafði heyrt um? Jú líklega var það svo. Hann var þá svona grösugur, ekki bara forarvilpa. Bílnum var bakkað upp í hól einn austan við Hamarshjáleigu og hestarnir leiddir niður af pallinum. Var það auðvelt verk því mikið óskaplega voru þeir fegnir að komast niður og fá að bíta grösuga þúfnakollana stundarkorn og jafna sig eftir ferðalagið.

Hver var svo tilgangur þessa sérstaka ferðalags? Þannig var að þetta vor 1970, þann 5. maí byrjaði Hekla að gjósa. Mikið öskufall varð í efri hluta Biskupstungna, Hrunamannahrepps og Gnúpverjahrepps. Er útbeit hófst kom í ljós að gróður var mjög flúormengaður og ekki talið ráðlegt að sleppa ungvíði á beit í heimahögum. Því var brugðið á það ráð

að flytja kvígur og lambfé burt af þeim jörðum sem verst urðu úti en kýr voru hafðar heima.

Frá mínum heimabæ, Drumboddsstöðum og nærliggjandi bæjum í efri hluta Biskupstungna voru kelfdar kvígur fluttar niður á Miklavatnsmýri í Gaulverjabæjarhreppi en vetrungar að Mosfelli í Grímsnesi á engjarnar þar og bakkana meðfram Brúará. Féð að heiman var flutt í Hestfjall og gekk þar sumarlangt.

Nautgripunum öllum átti að smala saman og rétta í Tungnaréttum næsta dag. Þessu ævintýri fékk ég að taka þátt í þegar ég var 16 ára gamall.

Nú í vor hefur mér oft verið hugsað til vorsins 1970 þegar bændur í uppsveitum Árnessýslu og efstu bæjum í Rangárvallasýslu, næst Heklu þurftu að berjast við náttúruöflin á sambærilegan hátt og bændur undir Eyjafjöllum og austur í Skaftafellssýslu hafa kynnst svo rækilega á þessu vori.

Nú vikur sögunni aftur til kúrekanna. Við vorum fjórir að mig minnir. Það voru þeir Sveinn á Drumboddsstöðum (faðir minn), Lindi í Dalsmynni, Ingi á Hvítárbakka, allir nú látnir og svo ég unglingurinn í hópnum, allir vel ríðandi.

Farið var inn í kvíguhólfíð austan við Hamarshjáleigu, kvígunum smalað saman þar og reknar út á veg. Ekki fannst mér heimamenn á nærliggjandi bæjum veita okkur mikla athygli eða skipta sér neitt af okkur. Einn eldri maður hafði þó tekið eftir mannaferðum og kom brunandi á reiðhjóli, sem mér fannst mjög sérstakt af fullorðnum manni. Þessi maður gaf sig á tal við okkur og spurði erinda. Ekki þekktum við manninn. Við eftirgrennslan telja kunnugir að þetta hljóti að hafa verið Simbi á Velli sem margir eldri Flóamenn kannast við.

Vel gekk að koma kvígunum út á veg. Leiðin lá austur Hamarsveg, upp hjá Gaflí, Villingaholti og upp í Egilsstaðahverfi og fram hjá Urriðafossi. Mér er minnisstætt hvað þetta var léttur og skemmtilegur rekstur. Tveir og þrír voru á undan og einn eða tveir á eftir.

Reksturinn vakti mikla athygli kúnna á bæjunum sem farið var framhjá og vildu þær svo sannarlega slást í hópinn. Mig minnir að á Urriðafossi hafi kýr sloppið í hópinn, en snarlega gekk að skilja þær frá aftur.

Er komið var upp að Heiðarbæ var reksturinn stöðvaður og áð góða stund. Á þessum árum bjuggu í Heiðarbæ Eyvindur Erlendsson leikari og leikstjóri og kona hans Sjöfn Halldórsdóttir, en Eyvindur var

sonur Linda í Dalsmynni eins kúrekans. Þar var okkur tekið með kostum og kynjum og boðið í kaffi. Sagðar voru sögur og velgengni ferðalagsins dásömuð.

Því næst lá leiðin upp Þjórsárbakka um Murneyri og upp í Reykjaréttir á Skeiðum þar sem kvígusafnið skyldi geymt til næsta dags. Er í réttirnar var komið rifjaðist upp hjá eldri mönnunum sögur úr Reykjaréttum fyrri tíma, þá þótti sjálfsagt að gefa vinnumönnum og vinnukonum frí til að fara í Reykjaréttir. Þær þóttu einstök hátíð í sýslunni á fyrri hluta 20.aldar fyrir mikið glens og gaman. Þá var mikið sungið og dansað alla nóttina fyrir réttirnar og lítið sofið.

Á öðrum degi ferðar var svo kvíguhópurinn rekinn í Tungnaréttir. Annað kúrekagengi var sent þennan dag að Mosfelli til að smala kvígum þar og sameina svo báða hópana við Brúará, reka svo allt í einum hóp í Tungnaréttir. Allt gekk samkvæmt áætlun.

Það voru stoltir karlar úr Tungunum sem höfðu fengið það hlutverk að vera KÚREKAR í tvo daga, er hópurinn rann í einni stórrí hjörð í almenninginn í Tungnaréttum síðla dags, eftir einstaklega vel heppnaða ferð.

Þessi ferð er mér einstaklega minnistæð á margan hátt og ekki síst fyrir það að þetta voru fyrstu kynni mín af Flóanum og óraði mig ekki fyrir því á þessum tíma að ég ætti eftir að setjast þar að.

Með góðri kveðju.
Baldur á Litla-Ármóti

P.S.

Til að halda þennan áfram innan fjölskyldunnar skora ég á dóttur mína Hrafnhildi að skrifa næsta pistil frá Noregi.



Stóðhestar á vegum Hrossaræktardeildar Villingaholtshrepps

Hlébarði frá Ketilsstöðum

Sköpulag: 8,0 8,0 8,0 8,0 8,5 7,0 8,5 9,0 = 8,11

Hæfileikar: 9,0 8,0 7,5 8,0 8,0 8,5 9,0 9,0 8,5 = 8,32

Aðaleinkun: 8,24

Verð 75 þús. með öllu.

Glóðafeykir frá Halakoti

Sköpulag: 8,5 8,5 9,0 8,5 7,5 8,5 8,0 7,5 = 8,28

Hæfileikar: 9,0 9,0 5,0 9,0 9,0 9,0 8,0 = 8,38

Aðaleinkun: 8,34

Verð 75 þús. með öllu

Upplýsingar í síma 898 8779 Erling
 892 0373 Erling
 695 4332 Sigurður

Frá Hrossaræktarfélagi Gaulverjabæjarhrepps

Hrossaræktarfélag Gaulverjabæjarhrepps hefur ákveðið að rífa sig upp og hefja starfsemi að nýju eftir dágóðan dvala.

Allir eru að sjálfsgöðu velkomnir í félagið og er hægt að skrá sig í síma 869-4354 Þóranna Dalbæ eða á netfangið thoranna21@hotmail.com.

Gamlir félagar eru einnig beðnir um að endurskrá sig.

Kveðja stjórnin

Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja.

Nýsmíði, viðhald, breytingar.

Erum með traktors- og beltagröfu.

Kríutangi ehf

Vorsabæ

Stefán Helgason Húsasmíðameistari

S:893-4933

Frá UMF Baldri

Starf Umf Baldurs hefur verið nokkuð blómlegt það sem af er sumri. Byrjað var á Grill og útreiðatúr í Einbúa sunnudaginn 6.júní. Þónokkrir voru mættir, þó engin þeirra hafi mætt riðandi í þetta skiptið. Hefði samt verið skemmtilegra að fleiri hefðu séð sér fært að mæta, en veðrið var alveg upplagt til að eiga góðan dag utandyra. Grillaðar voru pylsur og tilheyrandi, einnig var farið í ratleik um svæðið.

Þá var í byrjun júní ráðist í miklar framkvæmdir í Einbúa er þangað var lagt neysluvatn. Um framkvæmd þess verks sáu Steinn Þórarinsson frá Litlu-Reykjum og Einar Magnússon frá Oddgeirshólum. Er þeim þökkuð sú vinna en Steinn gaf Ungmennafélaginu vinnu sína við verkið. Stefnan er síðan sett á áframhaldandi framkvæmdir í þessu framhaldi en það er að koma upp vatnssalerni og rotþró, hvort það verður í sumar eða næsta vor kemur í ljós.

Árlegur hreinsunardagur í Einbúa var að kvöldi 13. Júní. Alltof fáir mættu en það sem skipti mestu máli að gera fyrir 17.júní hafðist en það var að slá völlinn og áhorfendapallanna. Einnig var skúrinn þússaður að utan en stefnan er sett á að mála hann áður en sumarið er úti.

17. júní var að sjálfsögðu haldin hátíðlegur með hefðbundnum hætti í Einbúa. Um 80 manns voru mætt í Einbúa þennan dag. Fjallkona var Sandra Dögg Garðarsdóttir frá Langholti II. Séra Kristinn var með sína hefðbundnu hugvekju, kom hann meðal annars inn á það að hann væri búinn að mæta á Þjóðhátíðardagskrá Umf Baldurs í yfir 20 ár samfellt. Hátíðarræðuna hélt Guðbjörg Jónsdóttir bóndi á Læk og formaður BSSL.

Útilega í Einbúa

Stjórn Umf. Baldurs ætlar að standa fyrir ungmennafélagsútilegu í Einbúa 17. Júlí fyrir unglunga og ungmenni 13 ára og eldri. Þá er öllum unglingum og ungmennum úr Flóahreppi sem vilja velkomið að koma og tjalda í Einbúa og vera þar eina nótt. Unglingar undir 18 ára aldri þurfa að hafa skriflegt leyfi frá forráðamanni til að mega vera á svæðinu, eins er hægt að hringja í Baldur og tilkynna honum um að leyfi sé veitt í síma 867-3538. Fulltrúar Umf. Baldurs verða á svæðinu til að passa að allt fari vel fram.

Kveikt verður í grilli frá klukkan 20:00 á laugardagskvöldi og koma allir með eitthvað með sér til að grilla. Þeir sem eiga gítar og kunna að syngja eru sérstaklega boðnir velkomnir. Krakkar úr Vöku og Samhygð eru boðinn velkominn á svæðið.

Stjórn Umf. Baldurs

P.S. Athugið þetta er með fyrirvara um að veður verði gott, ef veðurspá lítur illa út áskilur stjórn Umf. Baldurs að fresta eða aflýsa útilegunni.

Úrslit af ýmsum mótum:

Júnímót FH

Haldið í Kaplakrika 4. júní 2010.

Haraldur Einarsson '87 Spjótkast 36,11 m 3. sæti

68. Vormót ÍR

Haldið á Laugardalsvelli 9. júní 2010.

Haraldur Einarsson '87 400 m hlaup 52,57 sek 2. sæti

Bjarni Már Ólafsson '91 Langstökk 5,96 m 3. sæti

Spjótkast 41,69 m 5. sæti

MÍ 11 – 14 ára

Haldið á Kópavogsvelli dagana 12. og 13. júní 2010.

Guðrún Inga Helgadóttir '97 Kúluvarp 3,0 kg 7,62 m 4. sæti

Spjótkast 400 g 27,72 m 2. sæti

Héraðsmót HSK

Haldið dagana 22. og 23. júní 2010. Lið Þjótanda lenti í 2. sæti í heildarstigakeppni mótsins.

Bjarni Már Ólafsson '91 Spjótkast 46,90 m 2. sæti Vökumet

Hástökk 1,75 m 5. sæti

100 m hlaup 12,10 sek 3. sæti

Þrístökk 13,51 m 2. sæti Vökumet

110 m grind 17,11 sek 2. sæti

Stangarstökk 3,10 m 1. sæti

4x100 m 46,92 sek 1. sæti Vökumet

Fanney Ólafsdóttir '80 Þrístökk 9,06 m 5. sæti

Guðmunda Ólafsdóttir '89 Spjótkast 27,60 m 4. sæti Vökumet

Sleggjukast 17,22 m 5. sæti

1500 m hlaup 6:35,0 mín 1. sæti

800 m hlaup 2:51,50 mín 3. sæti

Kringlukast 13,02 m 13. sæti

Kúluvarp 7,04 m 12. sæti

4x100 m 61,96 sek 4. sæti

Haraldur Einarsson '87 100 m hlaup 11,53 sek 1. sæti

400 m hlaup 52,51 sek 1. sæti

Langstökk 6,16 m 1. sæti

110 m grind 18,66 m 4. sæti

Kúluvarp 10,56 m 6. sæti

200 m hlaup 23,27 sek 1. sæti

4x100 m 46,92 sek 1. sæti Vökumet

Helga Björg Helgadóttir '87 100 m hlaup 14,61 sek 8. sæti

Ingunn Harpa Bjarkadóttir '91 Langstökk 4,30 m 5. sæti

Kúluvarp 8,35 m 8. sæti

4x100 m 61,96 sek 4. sæti

Rúnar Hjálmarsson	'87	Spjótkast	37,42 m	8. sæti
		Hástökk	1,80 m	2. sæti
		Kringlukast	31,54 m	3. sæti
		Kúluvarp	11,31 m	3. sæti
		4x100 m	46,92 sek	1. sæti Vökumet
Tómas Karl Guðsteinsson	'90	100 m hlaup	12,43 sek	4. sæti
		Þrístökk	10,61 m	4. sæti
		Langstökk	5,25 m	3. sæti
		800 m hlaup	2:31,11 mín	2. sæti
		4x100 m	46,92 sek	1. sæti Vökumet
Baldur Gauti Tryggvason	'81	Kúluvarp	10,01 m	7. sæti
		Kringlukast	24,34 m	10. sæti
Halldóra Markúsdóttir	'87	1500 m hlaup	6:36,0 mín	2. sæti
		4x100 m	61,96 sek	4. sæti
Ingibjörg Markúsdóttir	'85	Kringlukast	22,42 m	6. sæti
		Kúluvarp	8,77 m	6. sæti
		4x100 m	61,96 sek	4. sæti
Kristinn Þór Kristinsson	'89	800 m hlaup	2:01,97 mín	1. sæti
		200 m hlaup	24,81 sek	2. sæti
		5000 m hlaup	18:36,68 mín	1. sæti
Markús Ívarsson	'47	1500 m hlaup	7:13,0 mín	4. sæti
		5000 m hlaup	25:59,30 mín	4. sæti

Héraðsleikar HSK

Haldnir í Þorlákshöfn 26. júní 2010.

Unnsteinn Reynisson	'03	Langstökk	2,29 m	11. sæti
		60 m hlaup	13,20 sek	11. sæti
Sigurjón Reynisson	'05	Langstökk	1,70 m	16. sæti
		60 m hlaup	13,87 sek	13. sæti

Aldursflokkamót HSK

Þorlákshöfn 26. júní

Sunna Skeggjadóttir	'99	Kúluvarp	5,95 m	5. sæti
		60 m hlaup	10,32 sek	5. sæti
		Langstökk	3,47 m	5. sæti
		Spjótkast	12,27 m	3. sæti
		Hástökk	1,00 m	5.-6. sæti
Eyrún Gautadóttir	'99	Kúluvarp	5,44	6. sæti
		60 m hlaup	10,63	7. sæti
		800 m hlaup	3:14,56 mín	2. sæti
		Langstökk	3,30 m	6. sæti
		Hástökk	1,10 m	2. sæti

Íbúar Flóahrepps eru vinsamlegast beðnir um að spara notkun á köldu vatni eins og unnt er þar sem vatnsmagn er farið er að minnka verulega í miðlunartönkum.

Sveitarstjóri

Dagskrá mánaðarins

Frjálsíþróttæfing í Einbúa	6. júlí
Frjálsar og fótbolti í Þjórsárveri	8. júlí
Karlabolti í Þjórsárveri	8. júlí
Fótbolti fyrir alla í Einbúa	8. júlí
Timburhólagrill	9. júlí
Frjálsíþróttæfing í Einbúa	13. júlí
Frjálsar og fótbolti í Þjórsárveri	15. júlí
Karlabolti í Þjórsárveri	15. júlí
Fótbolti fyrir alla í Einbúa	15. júlí
Gönguferð á Fimmvörðuháls	17. júlí
Útilega í Einbúa	17. júlí
Sumarferð Kvenfélags Villingholtshr.	22. júlí
Frjálsíþróttæfing í Einbúa	20. júlí
Frjálsar og fótbolti í Þjórsárveri	22. júlí
Karlabolti í Þjórsárveri	22. júlí
Fótbolti fyrir alla í Einbúa	22. júlí
Frjálsíþróttæfing í Einbúa	27. júlí
Frjálsar og fótbolti í Þjórsárveri	29. júlí
Karlabolti í Þjórsárveri	29. júlí
Fótbolti fyrir alla í Einbúa	29. júlí



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160